

Sjálfsmat

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og starfsemi hans

Skólaárið 2015-2016



Sjálfsmat skólaárið 2015-2016

Gæðaráð starfaði við skólann báðar annir skólaársins og stýrði starfinu.

Í gæðaráði sátu Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Magnús Ingvason, Júlíus Júlíusson, Bylgja Birgisdóttir og Stefán Andrésson.

Fundir voru haldnir á miðvikudögum og voru haldnir 18 fundir yfir veturinn. Ýmis mál voru rædd en fyrirferðamikil var umræða um innihald kennslukönnunar. Niðurstaða allrar þeirrar umræðu var að nokkrar breytingar voru gerðar á spurningum fyrri kannana en fjöldi spurninganna var óbreyttur.

Kennslukönnunin var svo lögð fyrir alla hópa dagskólans í lok apríl 2016 og var þátttaka nemenda rúm 42%. Í ljósi þess að þetta var í fyrsta skipti sem könnunin var lögð fyrir í öllum hópum sýnist þetta vera góð þátttaka. Í Innunni er kominn nýr verkþáttur sem heitir Kennslumat og var hann nýttur í þessa kennslukönnun og gaf virkilega góða raun.

Uppsetning og framkvæmd, úrvinnsla og aðgengi kennara að niðurstöðum er miklum mun þægilegri en áður. Kennslukannanir hafa ekki verið lagðar fyrir nemendur frá því á haustönn 2013 og eru ýmsar skýringar á því. Helsta ástæðan er sú að fyrirhöfnin við að útbúa kannanirnar og finna til nemendur var mjög flókin og tímafrek. Almennt er niðurstaðan mjög jákvæð fyrir kennara skólans og flestallir þættir fá jákvæða umsögn. Heildarniðurstöður úr kennslumati hafa ekki verið birtar áður. (Heildarniðurstöður eru í Viðauka 1)


Viðhorfakönnun nemenda var lögð fyrir í mars 2016 og var þátttakan 34,5% sem er 6,5% betri þátttaka en 2014 þegar könnunin var síðast lögð fyrir. Viðhorfakönnunin var á sama hátt og kennslumatið lögð fyrir í gegnum Innu og gekk vel. Niðurstöður hennar eru mjög jákvæðar fyrir skólann og koma þær vel heim og saman við það sem starfsfólk skólans heyrir almennt frá nemendum. Almennt líður nemendum vel í skólanum og eru ánægðir. Í meðfylgjandi töflu kemur nemendafækkunin í skólanum undanfarin ár mjög vel fram í fjölda útsendra kannana.

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2016 |
|-------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Útsendar kannanir | 1.430 | 1.407 | 1.198 | 1.137 | 987 |
| Fjöldi svara | 557 | 445 | 414 | 314 | 340 |
| Svarhlutfall | 39% | 32% | 35% | 28% | 34,5% |

(Heildarniðurstöður eru í Viðauka 2)

Gæði prófa í dagskóla og kvöldskóla voru könnuð með 14 prófa úrtaki eftir prófatímabil í lok beggja anna. Sömu viðmið hafa verið notuð undanfarin þrjú ár og er ekki hægt að segja annað en að fækkað hefur þeim athugasemdum sem gerðar eru á hverri önn. 19 atriði eru skoðuð á hverju prófi og voru 6,5% ekki í lagi haustið 2014 en vorið 2016 var þessi tala komin niður í 2,6%. Um er að ræða minni háttar athugasemdir (vantar blaðsíðutal, athugasemd um notkun hjálpargagna vantar, o.þ.h.) og hlýtur niðurstaðan því að vera sú að frágangur prófa sé starfsmönnum skólans til sóma. Gæðakönnun prófa báðar annir (Sjá viðauka 3)

- Einkunnir



Einkunnadreifing

| Deild | 16 vor | 15 haust | 15 vor | 14 haust | 14 vor | 13 haust | 13 vor | 12 haust | Allar annirnar |
|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|----------------|
| 01 | 5,82 | 6,37 | 6,22 | 6,50 | 6,29 | 6,23 | 6,50 | 6,60 | 6,32 |
| 02 | 6,97 | 6,75 | 6,68 | 7,01 | 6,61 | 6,65 | 6,87 | 6,85 | 6,80 |
| 03 | 5,45 | 5,39 | 5,73 | 5,84 | 6,20 | 6,52 | 6,08 | 6,60 | 5,98 |
| 04 | 6,95 | 6,51 | 6,67 | 6,66 | 6,45 | 6,77 | 6,95 | 6,54 | 6,69 |
| 05 | 7,10 | 7,03 | 7,45 | 7,30 | 7,31 | 7,36 | 7,13 | 7,61 | 7,29 |
| 06 | 7,06 | 7,28 | 6,79 | 7,39 | 7,26 | 7,56 | 7,03 | 6,99 | 7,17 |
| 07 | 5,73 | 5,98 | 5,92 | 6,46 | 6,09 | 6,48 | 6,19 | 5,78 | 6,08 |
| 08 | 7,20 | 7,58 | 6,75 | 7,36 | 7,60 | 7,54 | 7,82 | 7,56 | 7,43 |
| 09 | 7,26 | 7,16 | 7,28 | 7,20 | 7,17 | 7,48 | 7,41 | 7,12 | 7,26 |
| 10 | 8,03 | 7,16 | 6,00 | 7,15 | 7,01 | 7,20 | 7,15 | 7,53 | 7,15 |
| 11 | 6,29 | 6,11 | 5,81 | 6,17 | 6,50 | 6,06 | 5,84 | 6,01 | 6,10 |
| 12 | 7,22 | 7,29 | 7,83 | 7,63 | 7,23 | 7,66 | 8,00 | 7,63 | 7,56 |
| 13 | 7,02 | 7,18 | 6,88 | 7,10 | 6,43 | 6,41 | 7,21 | 7,06 | 6,91 |
| 14 | 6,08 | 5,22 | 6,08 | 6,20 | 6,57 | 6,71 | 6,43 | 6,46 | 6,22 |
| 15 | 6,85 | 6,22 | | | | | | | 6,54 |
| Alls | 6,74 | 6,62 | 6,58 | 6,86 | 6,77 | 6,90 | 6,90 | 6,88 | 6,78 |

01 Enskudeild

02 Félagsgreinadeild

03 Íslenskudeild

04 Íþróttadeild

05 Listadeild

06 Rafiðnaðardeild

07 Raungreinadeild

08 Sjúkraliðadeild

09 Snyrtideild

10 Starfsdeild


11 Stærðfræðideild

12 Textílideild

13 Tréiðnadeild

14 Tungumáladeild

15 Upplýsingatæknideild



Það er merkilegt að skoða hlutfall staðinna einkunna í áranna rás. Hlutfallið helst alveg ótrúlega líkt þó einhverjar tilfærslur verði milli hlutfalls þeirra einkunna sem teljast fallnar, mætti ekki eða hætti.

| | 2014H | 2015V | 2015H | 2016V |
|--------|-------|-------|-------|-------|
| Staðið | 74,3% | 73,4% | 77,8% | 73,0% |

Í mörg ár höfum við haldið því fram að hlutfall staðinna einkunna væri um 75%.

Á vorönn 1997 var hlutfall þeirra sem mætti ekki eða hætti 15,9% og á haustönn 1997 13,1%.

Dagskóli FB


Ýmis hlutföll

| | 2016V | 2015H | 2010H | 2006H |
|----------------------|-------|-------|-------|-------|
| Ljúka engu | 13,5% | 12,2% | 7,4% | 17,5% |
| Ljúka öllu | 46,4% | 45,9% | 47,4% | 35,4% |
| Ljúka >=30 einingum* | 4,1% | 6,1% | 25,4% | 35,6% |


* Á haustönn 2015 eru áfangar með blöndu af nýjum og gömlum einingum og því erfitt að fá samanburðarhæfar tölur.



* Á vorönn 2016 eru fleiri áfangar með nýjar einingar og er þar miðað við 30 einingar en 2010 og 2006 er miðað við 18 einingar

Á undanförunum árum höfum við hert reglur um úrsagnir og að hætta í skólanum og hafa því fleiri verið skráðir hættir í seinni tíð.



Hér eru reiknaðar meðaleinkunnir af vegnum meðaeinkunnum allra hópa í dagskólanum en í næstu súluritum er meðaleinkunnin reiknuð af öllum einkunnum (ekki vegnum einkunnum) allra nemenda dagskólans. Ein örlítil athugasemd vegna veginna meðaleinkunna: Í myndinni hér að neðan er einkunnin 7 í einnar einingar áfanga jafn mikilvæg og einkunnin 8 í 10 eininga áfanga og meðaltalið er 7,5. Vegin meðaleinkunn væri $7 \cdot 1 + 8 \cdot 10 = 87 / 11 = 7,91$.






- **Nemendur skólans**

Nemendum í skólanum hefur fækkað undanfarin ár og er engin ein skýring á því. Leiða má líkur að því að sú staðreynd að húsnæði skóla á svæðinu hefur stækkað hafi haft áhrif á fjölda þeirra sem sækja í FB. Húsnæði MH var stækkað, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ flutti í nýtt húsnæði, húsnæði MS var stækkað og hafa allar þessar stækkanir ugglaust haft sín áhrif á FB. Árið 2011 var farið í mikið átak (*Nám er vinnandi vegur*) til að fá nemendur inn í skóla sem höfðu verið án atvinnu og fékk skólinn ansi marga nemendur í því átaki. Þessir nemendur stóðu sig margir hverjir frábærlega en aðrir náðu ekki eins góðum árangri og hættu í námi.

| | 2016V | 2015H | 2015V | 2014H | 2014V | 2013H |
|---|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Braut | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 10B (2 nemendur úr grunnskóla sem tóku áfanga í FB) | 2 | 2 | | | | |
| Almenn námsbraut | 18 | 30 | 22 | 34 | 41 | 40 |
| Almenn námsbraut - framhaldsskólapróf | 44 | 60 | 45 | 62 | 54 | 59 |
| Félagsfræðibraut | 170 | 169 | 194 | 190 | 215 | 253 |
| Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina | 18 | 18 | 17 | 27 | 21 | 24 |
| Grunndeild rafiðna | 45 | 49 | 58 | 71 | 60 | 61 |
| Sjúkraliðabruin | 0 | 2 | 2 | 0 | 1 | 1 |
| Sjúkraliðabraut | 82 | 88 | 73 | 86 | 79 | 99 |
| Húsasmiðabraut | 54 | 48 | 42 | 28 | 33 | 38 |
| Innflytjendabraut | 0 | 3 | 6 | 8 | 19 | 45 |
| Íþróttabraut | 75 | 83 | 103 | 115 | 117 | 121 |
| Handiðabraut | 32 | 39 | 46 | 55 | 54 | 63 |
| Listnámsbraut | 152 | 161 | 147 | 172 | 164 | 173 |
| Málabraut | 33 | 39 | 41 | 45 | 53 | 48 |
| Náttúrufræðibraut | 78 | 89 | 82 | 91 | 98 | 99 |
| Ótilgreint nám | 18 | 20 | 12 | 2 | 12 | 8 |
| Rafvirkjabraut | 33 | 36 | 25 | 19 | 25 | 23 |
| Starfsbraut | 38 | 39 | 39 | 39 | 39 | 37 |
| Snyrtibraut | 83 | 95 | 97 | 119 | 102 | 111 |
| Nám að loknu starfsnámi | 10 | 15 | 33 | 18 | 13 | 19 |
| Tölvubraut | 52 | 59 | 51 | 52 | 21 | 14 |
| Upplýsinga- og tæknibraut | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptabrautir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 1037 | 1144 | 1135 | 1233 | 1221 | 1336 |
| Nemendur í leyfi | 22 | 20 | 31 | 43 | 48 | 70 |
| Fjöldi virkra nemenda | 1015 | 1124 | 1104 | 1190 | 1173 | 1266 |
| Kennslumagn í dagskóla | 1780 | 1780 | 1780 | 1970 | 2030 | 1964 |

| | | | | | | |
|------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Nemendur í kvöldskóla | 415 | 505 | 522 | 505 | 584 | 595 |
|------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|




- Samanburður við fyrri ár




Á þessari töflu sést nemendafækkun undanfarinna ára mjög vel.

2003-3 = Haustönn 2003 og 2004-1 = Vorönn 2004


Viðauki 1 – Niðurstöður úr kennslumati vorið 2016




Í kennslustundum er góður vinnufriður.




Kennslan er fjölbreytt.




Kennarinn útskýrir vel.




Kennarinn leiðbeinir um vinnubrögð.




Kennarinn fær nemendur til að vera virkir í tímum.




Kennarinn stuðlar að samvinnu nemenda.




Kennarinn bregst vel við spurningum.




Kennarinn hvetur nemendur til að hugsa sjálfstætt.




Kennarinn rifjar reglulega upp lykilatriði námsefnisins.




Kennarinn mismunar ekki nemendum í kennslustundum.




Ég er ánægð(ur) með viðmót kennarans gagnvart mér.




Mér finnst gerðar kröfur til mín í þessum áfanga.




Mér líður vel í þessum áfanga.




Mér finnst áfanginn erfiður.




Hvers vegna er áfanginn erfiður? Hlutfall þeirra sem svöruðu Já.




Ég get fylgst með einkunnum mínum fyrir verkefni og próf í áfanganum í Innunni.




Kennsluáætlun og önnur gögn í þessum áfanga eru aðgengileg á dreifnáminu.



Hve mikill tími fer í heimanám hjá þér í hverri viku í þessum áfanga?



Hvaða einkunn býst þú við að fá í þessum áfanga?



Viðauki 2 – Niðurstöður Viðhorfakönnunar vorið 2016


Viðhorfakannanir 2014 og 2016

| | 2014 | 2016 |
|-------------------|-------|-------|
| Útsendar kannanir | 1.137 | 987 |
| Fjöldi svara | 314 | 340 |
| Svarhlutfall | 28% | 34,5% |


| Efnisyfirlit | bls. |
|---|------|
| A. Almennar spurningar | 3 |
| 1. Kyn | 3 |
| 4. Hvaða ár ertu fædd(ur)? | 3 |
| 3. Á hvaða braut ertu? | 4 |
| 4. Hvað hefur þú verið margar námsannir í framhaldsskóla (að þessari önn meðtalinni)? | 4 |
| 5. Hefur þú stundað nám í öðrum framhaldsskóla? | 5 |
| 6. Af hverju skiptir þú um skóla? | 5 |
| 7. Átt þú barn/börn? | 6 |
| 8. Stundar þú launaða vinnu með námi? | 6 |
| 9. Hvenær hentar þér best að mæta í skólann? | 7 |
| 10. Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag?..... | 7 |
| 11. Hvað áætlaðu að þú lesir margar klst. á viku þér til skemmtunar? | 8 |
| 12. Hversu oft í viku borðar þú morgunmat heima áður en þú kemur í skólann? | 8 |
| 13. Hve oft í viku kemur þú með nesti að heiman?..... | 9 |
| 14. Hvað eyðir þú miklum peningum á dag í mat á skólatíma? | 9 |
| 15. Hefur þú skoðað miðannarmatið? | 10 |
| B. Spurningar um lífsstíl | 10 |
| 16. Ég gæti þess að hreyfa mig reglulega | 10 |
| 17. Ég gæti þess að borða hollan mat | 11 |
| 18. Ég gæti þess að fá nægan svefn á hverri nóttu | 11 |
| 19. Ég tel að ég eigi að mæta eins vel í skólann og vinnuna | 12 |
| 20. Ég tel að árangur í námi sé fyrst og fremst á mína ábyrgð..... | 12 |
| 21. Ég þyrfti að fá meiri hjálp við námið en mér býðst núna | 13 |
| 22. Ég á auðvelt með að skipuleggja nám mitt þannig að tíminn nýtist vel | 13 |

| | |
|--|-----------|
| 23. Ég hef næga peninga til að kaupa skólabækur | 14 |
| 24. Ég á auðvelt með að setja mér markmið í lífinu | 14 |
| 25. Ég á auðvelt með að setja mér markmið í námi | 15 |
| C. Spurningar um veru þína í skólanum | 15 |
| 26. Námskröfur eru miklar í skólanum | 15 |
| 27. Námið í FB hefur aukið með mér sjálfstraust | 16 |
| 28. Það sem ég hef lært í einni námsgrein nýtist mér oft annars staðar | 16 |
| 29. Námið á minni námsbraut er vel skipulagt..... | 17 |
| 30. Námið á minni námsbraut veitir mér góða menntun | 17 |
| 31. Kennarar skólans sýna mér virðingu | 18 |
| 32. Nemendur skólans sýna mér virðingu | 18 |
| 33. Mér líður vel í kennslustundum | 19 |
| 34. Mér líður vel í frímínútum | 19 |
| 35. Ég fæ yfirleitt hrós þegar ég geri eitthvað vel í skólanum | 20 |
| 36. Mér finnst vera hlustað á sjónarmið mín | 20 |
| 37. Ég verð fyrir einelti í skólanum | 21 |
| 38. Ég verð var/vör við einelti í skólanum | 21 |
| 39. Ég get fengið ráðgjöf og stuðning í skólanum ef ég þarf á að halda | 22 |
| 40. Ég hef nýlega hugsað um að hætta í skólanum | 22 |
| 41. Ég tek þátt í félagsstarfi á vegum nemendafélagsins | 23 |
| 42. Félagslífið í skólanum er of kostnaðarsamt fyrir mig | 23 |
| 43. Mér finnst gaman í FB..... | 24 |


A. Almennar spurningar




2. Hvaða ár ertu fædd(ur)?




3. Á hvaða braut ertu?




4. Hvað hefur þú verið margar námsannir í framhaldsskóla (að þessari önn meðtalinni)?




5. Hefur þú stundað nám í öðrum framhaldsskóla?




6. Af hverju skiptir þú um skóla? Svaraðu aðeins þessari spurningu ef svar við spurningu 5 var ekki "Nei".




7. Átt þú barn/börn?




8. Stundar þú launaða vinnu með námi?




9. Hvenær hentar þér best að mæta í skólann?




10. Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag?




11. Hvað áætlaðu að þú lesir margar klst. á viku þér til skemmtunar?




12. Hversu oft í viku borðar þú morgunmat heima áður en þú kemur í skólann?




13. Hve oft í viku kemurðu með nesti að heiman?



14. Hvað eyðir þú miklum peningum á dag í mat á skólatíma?




15. Hefur þú skoðað miðannarmatið?




B. Spurningar um lífsstíl


16. Ég gæti þess að hreyfa mig reglulega.




17. Ég gæti þess að borða hollan mat.




18. Ég gæti þess að fá nægan svefn á hverri nóttu.




19. Ég tel að ég eigi að mæta eins vel í skólann og vinnuna.




20. Ég tel að árangur í námi sé fyrst og fremst á mína ábyrgð.




21. Ég þyrfti að fá meiri hjálp við námið en mér býðst núna.




22. Ég á auðvelt með að skipuleggja nám mitt þannig að tíminn nýtist vel.




23. Ég hef næga peninga til að kaupa skólabækur.





24. Ég á auðvelt með að setja mér markmið í lífinu.




25. Ég á auðvelt með að setja mér markmið í námi.




C. Spurningar um veru þína í skólanum




28. Það sem ég hef lært í einni námsgrein nýtist mér oft annars staðar.




29. Námið á minni námsbraut er vel skipulagt.




30. Námið á minni námsbraut veitir mér góða menntun.




31. Kennarar skólans sýna mér virðingu.




32. Nemendur skólans sýna mér virðingu.




33. Mér líður vel í kennslustundum.




34. Mér líður vel í frímínútum.




35. Ég fæ yfirleitt hrós þegar ég geri eitthvað vel í skólanum.




36. Mér finnst vera hlustað á sjónarmið mín.




37. Ég verð fyrir einelti í skólanum.




38. Ég verð var/vör við einelti í skólanum.




39. Ég get fengið ráðgjöf og stuðning í skólanum ef ég þarf á að halda.




40. Ég hef nýlega hugsað um að hætta í skólanum.




41. Ég tek þátt í félagsstarfi á vegum nemendafélagsins.



42. Félagslífið í skólanum er of kostnaðarsamt fyrir mig.



43. Mér finnst gaman í FB.



Viðauki 3 – Niðurstöður úttektar á prófum

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Úttekt á prófum

| | 2014H | | 2015V | | 2015H | | 2016V | |
|---|--------|-------------|--------|-------------|--------|-------------|--------|-------------|
| | Í lagi | Ekki í lagi | Í lagi | Ekki í lagi | Í lagi | Ekki í lagi | Í lagi | Ekki í lagi |
| Skóli (er nafn skólans á prófinu?) | 6 | 4 | 14 | | 13 | 1 | 14 | |
| Önn (kemur önnin fram á prófinu?) | 10 | | 14 | | 14 | | 14 | |
| Heiti áfanga | 10 | | 14 | | 14 | | 14 | |
| Kennarar | 10 | | 13 | 1 | 14 | | 14 | |
| Blaðsíðufjöldi (er blaðsíðufjöldinn tilgreindur?) | 10 | | 13 | 1 | 14 | | 14 | |
| Einkunn, sundurgreind | 10 | | 14 | | 14 | | 14 | |
| Lokaeinkunn | 10 | | 14 | | 14 | | 14 | |
| Prófdagur | 10 | | 14 | | 14 | | 12 | 2 |
| Próftími | 10 | | 14 | | 14 | | 14 | |
| Hjálpargögn | 9 | 1 | 14 | | 14 | | 13 | 1 |
| Blaðsíðutal (kemur blaðsíðutal fram?) | 9 | 1 | 12 | 2 | 13 | 1 | 13 | 1 |
| Er leturgerðin Arial, 14 punktar? | 7 | 3 | 12 | 2 | 13 | 1 | 12 | 2 |
| Er samræmi í uppsetningu spurninga / verkefna? | 10 | | 14 | | 14 | | 14 | |
| Er nægilegt bil á milli lína? | 10 | | 13 | 1 | 14 | | 14 | |
| Eru línur jafnaðar? | 10 | | 12 | 2 | 14 | | 14 | |
| Er nægilegt bil á milli spurninga? | 10 | | 13 | 1 | 14 | | 14 | |
| Eru spurningar úr texta á sömu opnu og textinn? | 9 | 1 | 14 | | 14 | | 14 | |
| Er samræmi í tölusetningu spurninga? | 9 | 1 | 14 | | 13 | 1 | 14 | |
| Eru stig rétt talin? | 9 | 1 | 12 | 2 | 12 | 2 | 13 | 1 |
| | 178 | 12 | 254 | 12 | 260 | 6 | 259 | 7 |
| Heildarfjöldi atriða skoðaður | 190 | | 266 | | 266 | | 266 | |
| Fjöldi prófa | 10 | | 14 | | 14 | | 14 | |
| Hlutfall athugasemda | 6,3% | | 4,5% | | 2,3% | | 2,6% | |

Stembiúrtak úr öllum prófum er skoðað eftir hvert próftímabil